

Fréttabréf til forráðamanna í Glerárskóla

Glerárskóli Akureyri

20. ágúst 2019

Velkomin í skólann 2019-2020



Nú fer að koma að því að skólastarf í Glerárskóla fer af stað á nýju skólaári. Við bjóðum því nemendum og forráðamenn velkomin til starfa á ný eftir sumarfrí.

Við erum full tilhlökkunar fyrir komandi skólaár því margt er að gerast í Glerárskóla. Nú eru skráðir nemendur í skólanum 362 og starfsmenn um 70 talsins.

Áhersluþættir skólastarfsins verða líkt og undanfarin ár, kennsluhættir, námsmat, læsi, jákvæður agi, Olweusarvinna, umhverfismál og grenndarfræði. Við erum á komandi ári að taka þátt í Erasmus+ verkefnum sem auðga starfið og auk þess að leggja mikinn áhersluþunga á að nútímavæða skólastarfið.

Eins og flestir vita hafa miklar framkvæmdir verið í gangi á skólasvæðinu, bæði við skólann sjálfan og íþróttahúsið.

Staðan á því verkefni er sú að skólahúsnæðið verður tilbúið í september en íþróttahúsið verður fullklárað í nóvember. Hér á eftir koma því upplýsingar um hvernig skólastarfinu verður háttað fyrstu vikur skólaársins.

Við í skólanum erum glöð og full bjartsýni á framhaldið enda verður magnað að fá nýja álmu afhenta von bráðar sem bæði er falleg og fullkomin.

Skólasýnin okkrar HUGUR-HÖND-HEILBRIGÐI verður okkar leiðarljós líkt og áður. Markmið og gildi skólans eru skýr og munum við af alefli leitast við að efla metnað, vellíðan og árangur nemenda.

Við getum því öll verið stolt af skólanum okkar, glaðst yfir framkvæmdum og hjálpast að við að styrkja starfið með því að vera sveigjanleg og þrautseig. Við eigum á að skipa góðum nemendum, faglegu starfsfólki og flottum forráðamönnum.

„Saman lærum við, náum árangri og gleðjumst!“

Kær kveðja frá stjórnendum Glerárskóla,

Eyrúnu, Helgu og Tómasi Lárusi

Starfsmannamál

Komandi skólaár verður fróðlegt fyrir margar sakir eins og áður sagði. Ný álma að komast í gagnið og þó nokkrir nýir starfsmenn auk annarra sem eru komnir í ný hlutverk. Við bjóðum þau velkomin í okkar

frábæra starfsmannahóp.

Nýir starfsmenn skólaársins eru:

Elma Rún Magnúsdóttir – aðstoðarmatráður

Erlingur Viðarsson – umsjónarkennari í 9. bekk (afleysing)

Esther Gunnveig Gestsdóttir – umsjónarkennari í 1. bekk

Eva Dröfn Möller – Mynmenntakennari (afleysing) og afleysingakennari

Hermann Helgi Rúnarsson – stuðningsfulltrúi

Hulda Björk Snæbjörnsdóttir – umsjónarkennari í 5. bekk

Jónína Garðarsdóttir – verkefnastjóri sérkennslu

Ragnar Bollason – skólaliði og frístund

Regína Sveinbjörnsdóttir - aðstoðarmatráður

Snorri Bergþórsson – umsjónarkennari í 6. bekk

Soffía Margrét Hafþórsdóttir – textílmenntakennari (afleysing)

Þar utan hefur Þorsteinn G. Gunnarsson verið ráðinn starfsmaður upplýsingavers/bókasafns



Skólasetning 2019

Skólasetning í Glerárskóla hjá 2.—10. bekk verður í matsal skólans fimmtudaginn 22. ágúst 2019.

Setningin verður þrískipt:

Kl. 9:00: 2. – 4. bekkur

Kl. 10:00: 5. – 7. bekkur

Kl. 11:00: 8. – 10. bekkur

Að lokinni setningu fara nemendur með umsjónarkennurum í stofur og fá hagnýtar upplýsingar fyrir komandi skólaár.

Nemendur í 1. bekk ásamt forráðamönnum hafa verið boðaðir í samtal sama dag eða 22. ágúst 2019.

Föstudaginn 23. ágúst 2019 hefst skólastarf samkvæmt stundaskrá hjá 1.—10. bekk.

Umsjónarkennarar 2019 – 2020

1. bekkur: Esther G. Gestsdóttir, Helga Ingadóttir og Hólmfríður Guðnadóttir
2. bekkur: Anna Sigríður Halldórsdóttir, Inga Huld Pálsdóttir og Jónína Raket Sigurðardóttir
3. bekkur: Heimir Freysson
4. bekkur: Íris Hafberg og Þorbjörg Otta Jónasdóttir

5. bekkur: Guðríður Sigurðardóttir og Hulda Björk Snæbjörnsdóttir
6. bekkur: Ingibjörg Björnsdóttir og Snorri Bergþórsson
7. bekkur: Guðrún Þóra Björnsdóttir og Jóhann Ingi Einarsson
8. bekkur: Karen Jóhannsdóttir og Sveinn Leó Bogason
9. bekkur: Anna Guðrún Jóhannesdóttir og Erlingur Viðarsson
10. bekkur: Fríða Pétursdóttir og Ragnar Logi Búason

Gullkorn

*Framtíð okkar gengur á
fótum barnanna.*

Phillip Brook

Nokkrar hagnýtar upplýsingar í skólabyrjun

Húsnæði Glerárskóla opnar **kl. 7:45** á morgnana. Vinsamlega virðið þann opnunartíma og sendið ekki nemendur of snemma af stað í skólann.

Skóladagurinn hefst kl. 8:15 á morgnana. Skóla lýkur kl. 13:15 hjá 1. - 4. bekk og frá þeim tíma er frístund opin til kl. 16:15.

Við gerum ráð fyrir að nemendur borði staðgóðan morgunmat en nemendur fá nestistíma á morgnana og bendum við forráðamönnum á að mikilvægt er að þeir séu með hollt nesti eða í ávaxtaáskrift.

Matartímar verða þrískiptir: 1.-3. bekkur um kl. 11:10, 4. bekkur um kl. 11:50, 5. - 6. bekkur um kl. 11:55, 7. bekkur kl. 12:05 og 8. - 10. bekkur kl. 12:10.

Skráningar í mötuneyti, ávaxta -og mjólkuráskrift fara fram í gegnum www.matartorg.is og hægt er að fá allar upplýsingar um það hjá ritara (Brynja, s: 461-2666).

Allir forráðamenn eiga að hafa aðgang að Mentor en ef einhver hefur glatað lykilorði sínu er hægt að hafa samband við ritara og fá nýtt. Mentor opnar fyrir forráðamenn þann 22. ágúst 2019.

Framkvæmdir við Glerárskóla - skipulag

Eins og fram kom í formála að þessu fréttabréfi verður framkvæmdum við B-álmú skólans ekki lokið fyrir en í byrjun september n.k. Þangað til mun verða dálítið þröngt á okkur, sérstaklega þar sem nemendum í Glerárskóla fjölga jafnt og þétt. Á þessu skólaári fjölga nemendum um ríflega 30 sem er afar jákvæð og gleðileg þróun. En þröngt mega sátir sitja og eftirfarandi ráðstafanir verða í skólanum þar til ný B-álma lítur dagsins ljós.

1. bekkur nýtir stofur A4, A6 og A7 í A-álmú en eftir hádegði verður frístund í sömu stofum.
2. bekkur verður í A2 (myndmenntastofu)
3. bekkur verður á bókasafni
4. bekkur verður í Skýjaborgum

Aðrir bekkir verða á sínum stað sem hér segir:

5. bekkur í stofum D9 og D10
6. bekkur í stofum D4 og D8

7. bekkur í stofum D5 og D7
8. bekkur í stofum D1 og D3
9. bekkur í stofum A3 og A5
10. bekkur í stofum D2 og A1

Íþróttahús Glerárskóla er einnig í endurnýjun lífdaga en áætlað er að húsið verði tilbúið til notkunar í nóvember komandi. Skipulag íþróttavæðingaráðs verður því þannig að fyrsta mánuð skólaársins verða **útiþróttir og eru nemendur beðnir að koma klæddir til slíkrar iðkunar**. Verið er að vinna á þeim málum að koma íþróttakennslunni fyrir eftir að útiþróttum líkur og verður það skipulag kynnt um leið og það er tilbúið.

Það gefur augaleið að sú vinna sem enn er verið að framkvæma við skólann gerir það að verkum að skólalóðin er takmörkuð og þar aka oft farartæki. Einnig eru gámar á lóðinni og margt það annað sem fylgir byggingaframkvæmdum. Við viljum biðja forráðamenn að ræða við börnin sín um að halda sig í eins mikilli fjarlægð frá byggingarsvæðinu og hægt er og benda þeim á að alveg er bannað að fara inn á byggingarsvæðið, allan sólarhringinn.

Allt þetta er þó nokkuð rask en við munum í sameiningu reyna af fremsta megni að láta þetta hafa eins lítil áhrif á skólastarfið og hægt er. Við biðjum ykkur forráðamenn góðir að vera vel vakandi og leiðbeina börnum hvað varðar klæðaburð, skólalóðina og allt það annað sem hjálpar til og veitir öryggi.

Við biðjum forráðamenn að bíða með að kíkja í nýju álmuna meðan enn er verið að vinna að framkvæmdum. Það er alltof mikið álag að fá gesti oft á dag og framkvæmdalokum gæti seinkað. Þegar framkvæmdum er lokið munum við bjóða öllum í heimsókn til að skoða.

Munum líka að **ALLIR NEMENDUR** á farartækjum á hjólum **EIGA AÐ NOTA HJÁLMA**.

Allar nánari upplýsingar gefa stjórnendur.

Veikindi og leyfi

Ef nemendur eru veikir skal láta skólann vita dag hvern strax að morgni. Nemendur 1.—7. bekkjar geta ekki fengið að vera inni fyrir eða eftir veikindi nema um afar sérstakar aðstæður sé að ræða.

Ef nemendur þurfa leyfi frá skóla af einhverjum sökum skal hafa samand við umsjónarkennara vegna leyfa allt að tveimur dögum.

Ef óskað er eftir lengra leyfi skal sækja um það til skólastjóra á rafrænu formi sem finna má á heimasíðu skólans. Það eru ætíð forráðamenn sem sækja um leyfi fyrir nemendur enda bera þeir ábyrgð á námi þeirra á meðan á leyfi stendur.

Ef nemandi fær leyfi frá skóla ber forráðamönnum að sjá til þess að hann dragist ekki aftur úr í námi og fylgi námsáætlun í hvívetna. Athugið að ekki er sjálfgefið að próf eða verkefni séu færð til þó nemandi fari í leyfi.

Ávaxta og mjólkuráskrift

Ávaxtaáskrift er greidd í einu lagi fram að áramótum. Verðið fyrir áramót er kr. 7.237 og samsvarar einum ávexti á dag. Ávextirnir eru sneiddir niður í skál og verða í skálinni 2-3 tegundir af ávöxtum í hverjum nestistíma að morgni. Hakað er við áskriftina í flípanum hressing líkt og mjólkuráskriftin. Áskriftin er rukkuð í einu lagi með matnum í október.

Mjólkuráskrift felur í sér að nemendur fá glas af mjólk í nestistíma. Áskriftin kostar 3.165 kr. fram að áramótum.

Annaráskrift í hádegismat er 446 kr. fyrir máltíðina.

Skráning er á matartorgi en nánari upplýsingar og aðstoð fást hjá ritara.

Samræmdu prófin í 4. og 7. bekk

Samræmdu prófin í 4. og 7. bekk verða þreytt í september sem hér segir:

Fimmtudagur 19. september: 7. bekkur—íslenska

Föstudagur 20. september: 7. bekkur—stærðfræði

Fimmtudagur 26. september: 4. bekkur—íslenska

Föstudagur 27. september: 4. bekkur—stærðfræði

Allar nánari upplýsingar koma þegar nær dregur.

Skólasetning 22. ágúst 2019

Skóli hefst samkvæmt stundaskrá 23. ágúst 2019

Hlökkum til að sjá ykkur öll og eiga gleðilegt og gott skólaár.

